

Frumvarp um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda

Í [frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla](#) eru lagðar til róttækar breytingar á [lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra](#) sem kölluð eru lögverndunarlög. Gildandi lög hafa staðið nær óbreytt þrátt fyrir margháttaðar breytingar á starfsmhverfi skóla á öllum skólastigum undanfarin ár. Á sama tíma hafa átt sér stað miklar breytingar á háskólastiginu hérlendis, þar með talið í starfsmenntun kennara.

Í meginráttum felur frumvarpið í sér að ríkari kröfur verða gerðar til starfsmenntunar kennara. Með því er lögð áhersla á að börn og ungmenni búi við sem best skilyrði til upplæis og náms. Í því felst jafnframt að samfella milli skólastiga verður aukin og stuðlað að því að undirbúningur að samfelldu skólastarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru hefjist strax í leikskóla. Viðamesta breytingin felst í því að skilyrði til þess að geta fengið leyfisbréf sem leikskólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari er að viðkomandi hafi lokið meistaraþrófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á fræðasviði til kennslu á viðkomandi skólastigi. Sérstaklega mun þetta hafa þýðingu fyrir störf

leikskólakennara en í því felst jafnframt mikilsverð viðurkenning á störfum leikskólakennara og því þýðingarmikla hlutverki að undirbúa börn í upphafi skólagöngu þeirra.

Menntunarskilyrði til að öðlast starfsheiti og starfsréttindi leikskólakennara eru í samræmi við [tillögur starfshóps um framtíðaskipan kennara-menntunar](#), auknar kröfur til kennarastéttarinnar og þróun kennaramenntunar í þeim löndum sem við berum okkur saman við; menntunarskilyrði á grunnskólastigi eru gerð almennari, það er ekki eru tilgreindar ákveðnar kennaramenntunarstofnanir, en menntunarkröfurnar eru skýrari; gert er ráð fyrir sérhæfingu í leyfisbréfi á grunnskólastigi fyrir fólk sem hefur fagmenntun á ákveðnu sviði, ásamt kennslu- og upplæisfræði.

Gert er ráð fyrir að grunn- og framhaldsskólakennarar með leyfisbréf við gildistöku nýju laganna haldi fullum réttindum til jafns við þá sem öðlast starfsréttindi grunn- og framhaldsskólakennara samkvæmt þeim. Jafnframt að leikskólakennarar með bakkalárþrófi á sviði upplæis- og kennslufræða frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun, eða annað jafngilt nám sem lokið var með prófum sem tryggð kennsluréttindi fyrir gildistöku laga þessara, haldi réttindum sínum.

Dagur leikskólans 6. febrúar

[Menntamálaráðuneyti](#), [Félag leikskólakennara](#), [Samband íslenskra sveitarfélaga](#) og [Heimili og skóli](#) hafa tekið höndum saman um að stuðla að því að beina sérstakri athygli að leikskólanum og því góða og fjölbreytta mennta- og upplæisstarfi sem þar fer fram. Ákveðið hefur verið að halda dag leikskólans 6. febrúar ár hvert en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Einkunnarorð dagsins eru „Við bjóðum ykkur góðan dag – alla daga“.

Markmiðið með deginum er einkum að gera þegna samfélagsins betur meðvitaða um þýðingu leikskóla fyrir börn, skapa jákvæða mynd um leikskólakennslu og auka áhuga fólks á því að starfa í leikskólum. Með því móti verður leitast við að beina sjónum sem flestra að stöðu

leikskólans, gildi hans fyrir þjóðarauð og alla menningu.

Í tilefni dagsins hefur verið gefið út [kynningarrit](#) sem afhent verður öllum leikskólabörnum á Íslandi og fjölskyldum þeirra.

Það er von þeirra sem að verkefninu standa að sem flestir láti sig málið varða og leggi sitt af mörkum til að gera leikskólann enn betri en hann er í dag.

Forvarnir í framhaldsskólum

[Menntamálaráðuneyti](#) hefur undanfarið átt fundi með forvarnfulltrúum og náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsskólum. Tilefni fundanna er samningur [menntamálaráðherra](#), [heilbrigðisráðherra](#), [Lýðheilsustöðvar](#) og samtaka

framhaldsskólanema um heilsuefingu og forvarnir í framhaldsskólum landsins en [samningurinn](#) var undirritaður í nóvember 2007. Á fundunum var rætt um samninginn og tengsl hans við [frumvarp til laga um framhaldsskóla](#) sem nýverið var lagt fram á [Alþingi](#), drög að skipulagi á framkvæmd forvarnarkerfnisins kynnt og óskað eftir hugmyndum frá fundarmönnum. Náms- og starfsráðgjafarnir og forvarnfulltrúar sögðu frá helstu verkefnum sinna skóla á þessum vettvangi og bentu á ýmsa þætti í heilsuefingu og forvörnum sem þeir töldu brýnt að betur yrði unnið að. Á fundunum fengu allir tækifæri til að segja sína skoðun og margt athyglisvert kom fram. Ráðuneytið mun í framhaldinu nýta þær upplýsingar sem fram komu við mótun verkefna á þessu sviði.

Lausráðning starfsfólks í grunn- og framhaldsskólum

Samkvæmt [lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra](#) eru starfandi tvær nefndir sem taka til afgreiðslu umsóknir forstöðumanna grunn- og framhaldsskóla um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi [menntamálaráðherra](#) til að nota starfsheiti grunnskólakennari og framhaldsskólakennari.

Það sem af er yfirstandandi skólaári hefur alls verið tekin 571 umsókn til afgreiðslu hjá [undanþágunefnd grunnskóla](#). Af þeim hefur nefndin samþykkt 420 umsóknir en synjað 151.

Í töflu 1 má sjá samanburð á fjölda umsókna milli skólaára. Umsóknum hefur farið fækkandi síðustu fjögur skólaár en tölur benda til að 3,8% fjölgun verði í umsóknum þetta árið.

[Ársskýrslur undanþágunefndar grunnskóla](#) er hægt að nálgast á vef ráðuneytisins

Það sem af er þessu skólaári hefur [undanþágunefnd framhaldsskóla](#) tekið til afgreiðslu umsóknir fyrir 72 einstaklinga, eða sem samsvarar 61,9 stöðugildum. Í töflu 2 sést að umsóknum fækkar mikið milli skólaárána 2003-2004 og 2006-2007 úr 169 í 66 sé miðað við einstaklinga og úr 153 í 58,7 sé miðað við stöðugildi. Umsóknum hefur stöðugt fækkað ár frá ári fram til yfirstandandi skólaárs en samkvæmt fyrirliggjandi tölum er nú þegar orðin

um 9% fjölgun umsókna frá síðasta ári. [Ársskýrslur undanþágunefndar framhaldsskóla](#) er hægt að nálgast á vef ráðuneytisins.

Fjöldi leyfisbréfa grunn- og framhaldsskólakennara

[Menntamálaráðuneyti](#) gefur út leyfisbréf til grunn- og framhaldsskólakennara samkvæmt [lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra](#).

Í töflu 3 hér að neðan má sjá fjölda leyfisveitinga til að nota starfsheiti grunnskólakennari og framhaldsskólakennari á árunum 2000-2006.

Ár	grunnskóla-kennarar	framhaldsskóla-kennarar
2000	158	119
2001	227	200
2002	257	190
2003	348	248
2004	456	295
2005	387	282
2006	432	230

Eins og sjá má hefur leyfisveitingum til grunnskólakennara fjölgað um 173,4% og framhaldsskólakennara um 93,3% frá árinu 2000 til ársins 2006.



Skólaár	2003-2004	2004-2005	2005-2006	2006-2007	2007-2008
Samþykktar umsóknir	667	527	439	412	420
Synjanir	152	118	126	138	151
Heildarfjöldi umsókna	819	645	565	550	571
Breyting í % milli ára	-7	-21	-16,7	-2,7	3,8

Skólaár	2003-2004	2004-2005	2005-2006	2006-2007	2007-2008
Samþykktar umsóknir	157	118	89	63	68
Synjanir	12	13	6	3	4
Einstaklingar	169	131	95	66	72
Stöðugildi	153	119	87	58,7	61,9
Breyting í % milli ára	-14,2	-22,4	-27,5	-31	9